

25.tbl.

21. júní. 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



**Hið bráðskemmtilega Duo Stemma verður í Fosselskógi  
24. júní á 80 ára afmælishátíð Skógræktarfélags Suður Þingeyinga.**

Safnast saman í Kvennabrekku kl: 14.00.

Ávarp formanns skógræktarfélagsins.

Hátíðaræða Þrastar Eysteinssonar skógræktarstjóra. Dúó Stemma syngur af gleði, kveður og spilar á allt sem hljómar.

Ketilkaffi, lummur, skúffukaka og safi fyrir börnin.

Harmonikan dunar. Gestir ganga í skóginn og skoða þininn.

Smá þraut fyrir börnin og þau fá trjáplöntu með sér heim.

Fosselskógur er náttúruperla í Þingeyjarsveit, sunnan við bæinn

Vað, austan megin Skjálfandafljóts, á leið frá Kinn yfir í Aðaldal (afleggjari til suðurs við brúarsporðinn). Jeppavegur.



**LÍF Í LUNDI**



# Fræðsludagskrá Vatnajökulsþjóðgarðs



Velkomin öll í fræðslugöngur, barnastundir og sérvíðburði um þjóðgarðinn í allt sumar.  
Nánari dagskrá á vef þjóðgarðsins.



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

**Ath ! Verðskrá hækkaði nú þann 1. júní 2023**  
í takti við verðhækkanir á aðföngum tengdum framleiðslu  
Hlaupastelpunnar.

**Verðskrá:**

**Hálfsíðuauglýsing** kr. 4.600.- m.vsk  
**heilsíðuauglýsing** kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)  
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.  
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar  
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



**Fundargerð 27. fundur  
Sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 2022-2026  
haldinn í Þinghúsinu Breiðumýri, 8. Júní kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Knútur Emil Jónasson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Einar Örn Kristjánsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Úlla Árdal, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Haraldur Bóasson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir. Fundargerð ritaði: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

**1. Skýrsla sveitarstjóra - 2303021**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega sveitarstjórnarfundi. Skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

Kynnt

**2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar - 2206003**

Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar önnur umræða.

Breytingarnar eru gerðar í samræmi við nýtt stjórnskipulag þar sem m.a. er sett á fót byggðarráð. Aðrar breytingar eru gerðar í samræmi við nýjar leiðbeiningar um samþykktir um stjórn sveitarfélaga frá innviðarráðuneytinu.

*Til máls tóku: Eyþór Kári Ingólfsson.*

*Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur sveitarstjóra að senda þær til innviðarráðuneytis til staðfestingar.*

*Samþykkt*

**3. Kosning oddvita og varaoddvita - 2206002**

Í samræmi við 7. gr. í samþykkt um stjórn Þingeyjarsveitar er kveðið á um að kjósa skuli oddvita og varaoddvita til eins árs í senn.

Eyþór Kári Ingólfsson leggur fram tillögu um Gerði Sigtryggisdóttur til oddvita Þingeyjarsveitar og Knút Emil Jónasson til varaoddvita.

*Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson.*

*Kosið var um tillöguna með handaupprettingu. Samþykkt með 9 greiddum atkvæðum.*

*Gerður Sigtryggisdóttir er lýstur réttkjörinn oddviti og Knútur Emil Jónasson lýstur réttkjörinn varaoddviti. Samþykkt*

*Guðrún Sigríður Tryggvadóttir vék af fundi kl. 13:14*

**4. Hulda náttúruhugvísindasetur - 2209033**

Lagt fram erindi Guðrúnar Tryggvadóttur, fyrir hönd Svatárkots, menningar og náttúru þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarstjórnar við verkefnið Huldu - náttúruhugvísindasetur.

*Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með verkefnið og framgang þess og samþykkti við síðustu fjárhagsáætlunargerð að veita 5 m.kr. á ári næstu þrjú ár til að styðja við það. Gert er ráð fyrir framlagi til Huldu hugvísindaseturs í fjárhagsáætlun 2023 og felur sveitarstjórn sveitarstjóra að gera samning um verkefnið til þriggja ára.*

*Samþykkt*

*Guðrún Sigríður Tryggvadóttir kom aftur til fundar kl. 13.17*

## **5. Efni: Ágengar plöntur - 2304039**

Á 26. fundi sveitarstjórnar var sveitarstjóra og umhverfisfulltrúa falið að leggja fram tillögu að fulltrúum í starfshóp um ágengar plöntur í sveitarfélaginu.

*Til máls tók: Jóna Björg Hlökkversdóttir.*

*Lagt er til að fulltrúar í starfshópnum komi frá Landgræðslunni, Umhverfisstofnun og Fjör-egg. Formaður starfshópsins verði sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs en þar til ráðning hefur farið fram er umhverfisfulltrúa falið að leiða hópinn. Fulltrúi sveitarstjórnar í hópnum verði Jóna Björg Hlökkversdóttir.*

*Sveitarstjóra er falið að óska eftir tilnefningum frá áðurnefndum stofnunum.*

*Samþykkt*

## **6. Tilboð og verklýsing - 2306006**

Lagt fram tilboð og verklýsing á útboði á tryggingum Þingeyjarsveitar frá Consello ehf. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tilboð, leið 2, og felur sveitarstjóra að undirrita samning. *Samþykkt*

## **7. Hitastigulshola vegna rannsókna á jarðhita sunnan Bæjarfjalls - 2303032**

Á 10. fundi skipulagsnefndar var vísað til sveitarstjórnar erindi Landsvirkjunar þar sem þess er óskað að nefndin taki afstöðu til framkvæmdar vegna lagningu slóða og útfærslu borplans. Áformað er að bora hitastigulsholu vegna rannsókna á jarðhita sunnan til í Bæjarfjalli á Þeistareykjum. Erindið var tekið fyrir á 21. fundi sveitarstjórnar 23. mars sl. sem vísaði málinu til samráðhóps sveitarfélagsins og Landsvirkjunar. Samráðshópurinn er jákvæður gagnvart framkvæmdinni og leggur til að sveitarstjórn samþykki beiðni Landsvirkjunar.

*Til máls tóku: Árni Pétur Hilmarsson, Eyþór Kári Ingólfsson, Guðrún Sigríður Tryggva-dóttir, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Úlla Árdal og Haraldur Bóasson.*

*Einar vakti athygli á mögulegu vanhæfi. Sveitarstjórn telur hann ekki vanhæfan við af-greiðslu þessa liðar.*

*Oddviti bar upp tillögu samstarfshóps Þingeyjarsveitar og Landsvirkjunar um að beiðni Landsvirkjunar um framkvæmdir vegna hitastigulsholu á Þeistareykjum veðri samþykkt. Tillagan var samþykkt með 5 atkvæðum. Úlla Árdal, Árni Pétur, Guðrún Sigríður og Hall-dór Þorlákur greiddu atkvæði gegn tillögunni. Samþykkt*

## **8. Áform um virkjun Svartár í Bárðadal, fýsileiki og umhverfisáhrif 2011-2022 - 2306007**

Lögð fram til kynningar greinargerð stjórnar Verndarfélags Svartár og Suðurár vegna á-forma um virkjun í Svartár í Bárðadal, fýsileiki og umhverfisáhrif 2011-2022.

*Til máls tók: Árni Pétur Hilmarsson. Sveitarstjórn þakkar Verndarfélagi Svartár og Suðurár erindið. Lagt fram*

## **9. Vogar 1 - breyting á deiliskipulagi - 2208042**

Tekin fyrir að nýju beiðni um heimild til breytingar á deiliskipulagi Voga 1. Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir byggingarreit frístundahúss innan 100 m frá Mývatnssveitarvegi (848). Þann 9. febrúar s.l. samþykkti sveitarstjórn að fela skipulagsfulltrúa að leita undanþágu frá d. lið í gr. 5.3.2.5. skipulagsreglugerðar nr. 9-0/2013 sem segir að utan þéttbýlis skuli ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m. Sveitarstjórn tók fyrir beiðni frá innviðaráðuneytinu um umsögn við beiðni sveitarfélagsins um undanþágu frá skipulagsreglugerð á fundi sínum þann 23. mars s.l. Skipulagsfulltrúa var þá falið að svara erindi ráðuneytisins þess efnis að ekki yrði gerð athugasemd við veitingu undanþága frá d. lið í gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð nr.

90/2013 vegna breytingar á deiliskipulagi Voga 1. Fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar dags. 17. mars s.l. þar sem ekki er gerð athugasemd við veitingu undanþága frá d. lið í gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

*Til máls tók: Jóna Björg Hlökkversdóttir.*

*Sveitarstjórn ítrekar fyrri afstöðu og felur skipulagsfulltrúa að svara erindi innviðaráðuneytisins þess efnis að óskað sé eftir því að undanþága sé veitt frá d. lið í gr. 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 vegna fyrirhugaðrar staðsetningar frístundahúss að Björk, Vogum 1 og að það verði staðsett innan 100 m frá Mývatnsveitarvegi (848) í samræmi við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Voga 1.*

*Samþykkt*

## **10. Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna skilgreiningar íbúðabyggðar að Vogum 1 - 2306008**

Lögð fram beiðni til vatnsveitu Skútustaðahrepps frá Skipulagsstofnun vegna breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna skilgreiningar íbúðabyggðar að Vogum 1.

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra að afla gagna um vatnsöflun og dreifingu og undirbúa drög að umsögn. Frestað*

*Halldór Þorlákur Sigurðsson vék af fundi kl. 13:40*

## **11. Kálfaströnd um nýtingu túna og beitar á Kálfaströnd 1 - 2305041**

Lagt fram bréf frá Halldóri Þorláki Sigurðssyni þar sem hann óskar eftir samningi um nýtingu túna og beitar á Kálfaströnd 1. Hann óskar eftir að slá og hirða tún við Moshól og beita vor og haust.

Á 26. fundi sveitarstjórnar var tekin fyrir beiðni um nýtingu túna og beitar á Kálfaströnd er hér um viðbót við fyrri beiðni að ræða.

*Sveitarstjóra er falið að taka tillit til þessa erindis við afgreiðslu erindis Halldórs Þorláks Sigurðsson um leigu túna og beitar á Kálfaströnd sem tekið var fyrir á 26. fundi sveitarstjórnar 25. maí sl.*

*Samþykkt*

*Halldór Þorlákur Sigurðsson kom aftur til fundar kl. 13:43*

## **12. Skógræktarfélag Íslands Betra Ísland - og grænna erindi - 2305039**

Lagt fram til kynningar bréf frá stjórn Skógræktarfélags Íslands frá 22. maí sl.

Á stjórnarfundi Skógræktarfélags Íslands þann 15. maí s.l. var fjallað m.a. um rangfærslur sem nýlega voru sendar sveitarfélögum um skógrækt. Skógræktarfélagið lýsir sig reiðubúið til að veita upplýsingar og halda áfram að vinna með stjórnvöldum og sveitarfélögum landsins að því að klæða landið, gera það byggilegra og náttúruvænna með skipulagðri skógrækt. Þannig eiga náttúruleg fjölbreytni, gróska og grænir skógar á viðeigandi stöðum eftir að auka gildi Íslands fyrir íbúa þess og gestkomandi ferðamenn.

*Lagt fram*

## **13. Aðalfundur samtaka orkusveitarfélaga 2023 - 2304019**

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 21. apríl sl.

*Lagt fram*

## **14. Aðalfundur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga - 2305015**

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga sem haldinn var 23. maí sl.

*Lagt fram*

## **15. Fundargerðir fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. - 2210023**

Lögð fram til kynningar fundargerð 18. fundar fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga frá 5. maí sl.

*Lagt fram*

**16. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 1804006**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 926., 927. og 928. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. maí, 26. maí og 2. júní sl.

*Lagt fram*

**17. Fundargerðir stjórnar Norðurorku hf. - 2305038**

Lögð fram til kynningar fundargerð 286. fundar stjórnar Norðurorku hf. frá 16. maí sl.

*Lagt fram*

**20. Mývatnsstofa aðalfundaboð 2023 - 2306012**

Lagður fram tölvupóstur frá Hrafnhildi Ýr

*Sveitarstjórn felur oddvita að fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.*

*Samþykkt*

**21. Umferðaröryggisáætlun Þingeyjarsveitar - 2305044**

Lögð fram til kynningar umferðaröryggisáætlun Skútustaðahrepps.

*Til máls tók: Jóna Björg Hlökkversdóttir.*

*Lagt fram*

**22. Samræming á kjörum starfsmanna - 2301014**

Yfirstandandi er vinna við samræmingu á launa- og starfskjörum starfsmanna sveitarfélagsins. Við greiningu hefur komið í ljós að starfskjör hafa verið mismunandi milli gömlu sveitarfélaganna. Sveitarstjórn telur mikilvægt að sömu kjör gildi fyrir sambærileg störf í nýju sveitarfélagi.

*Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson.*

*Unnið er að gerð mannaútsstefnu nýs sveitarfélags með mannaúdráðgjöfum Attentus samkvæmt samningi þar um. Stefnan verður unnin með aðkomu starfsfólks á fundi sem haldinn verður í lok sumars. Frá 1. júní verður ekki unnið eftir mannaútsstefnu fyrrum Skútustaðahrepps enda féllu gömlu reglur sveitarfélaganna úr gildi þremur mánuðum eftir sameiningu sveitarfélaganna samkv. 126. gr. sveitarstjórnarlaga.*

*Samþykkt*

**23. Byggðamerki - 2022 - 2212026**

Á 24. fundi sveitarstjórnar þann 11. maí sl. var sveitarstjóra falið að láta vinna áfram tillögu að nýju byggðamerki frá Effekt - Þórhalli Kristjánssyni.

*Til máls tóku: Eyþór Kári Ingólfsson og Árni Pétur Hilmarsson.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu 1 og felur sveitarstjóra að láta útfæra merkið til notkunar fyrir sveitarfélagið.*

*Samþykkt*

**18. Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi - Brynjar Árnason v. Guesthouse Klambra-sel - 2305048**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 30. maí sl. þar sem Brynjar Árnason sækir um rekstrarleyfi í flokki II C minni gististaðir að Klambraseli.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnaeftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

*Samþykkt*

## 19. Beiðni um umsögn um leyfi til smásölu áfengis - Mývatn ehf. - 2306002

Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað frá Mývatn ehf. á Skútustöðum 2c.

Til máls tóku: Haraldur Bóasson og Úlla Árdal.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd um umbeiðð leyfi Mývatns ehf., til smásölu áfengis svo framarlega sem liggja fyrir jákvæðar umsagnir Heilbrigðiseftirlits, brunavarna, byggingarfulltrúa og að afgreiðslutími sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um sem og samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 800/2022.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 15:00.



### Rósa Emelía Sigurjónsdóttir er handhafi menningarverðlauna Þingeyjarsveitar 2023.

Þjóðhátíðardagur Íslendinga 17. júní var haldinn hátíðlegur í Skjólbrekku í Þingeyjarsveit. Kvenfélag Mývatns-sveitar stóð fyrir samkomunni með aðkomu Ungmennafélagsins Eflingar.

Á hátíðinni voru veitt í fyrsta sinn Menningarverðlaun Þingeyjarsveitar en slík viðurkenning var veitt um nokkurra ára skeið í Skútustaða-hreppi.

Umsjón með Menningarverðlaunum Þingeyjarsveitar er á höndum íþróttta-, tólmstunda- og menningarnefndar sem auglýsti eftir tilnefningum. Hægt var að tilnefna einstakling, hóp eða félagasamtök og rétt til að tilnefna hafa félagasamtök og íbúar Þingeyjarsveitar.

Íþróttta-, tólmstunda- og menningarnefnd bárust fimm tilnefningar. Tilnefnd voru: Karlakórinn Hreimur, Ragnar Þorsteinsson bóndi í Sýrnesi, Freydís Anna Arngrímsdóttir, Hermann Róbert Herbertsson, Ásdís Erla Jóhannesdóttir og Yngvi Ragnar Kristjánsson og Rósa Emelía Sigurjónsdóttir.

Niðurstaða íþróttta-, tólmstunda og menningarnefndar var að Menningarverðlaun Þingeyjarsveitar 2023 hlyti Rósa Emelía Sigurjónsdóttir.

Sveitarstjórn óskar Rósu Emelíu Sigurjónsdóttur handhafa Menningarverðlauna Þingeyjarsveitar til hamingju með verðlaunin og vonar að viðurkenning sem þessi verði öðrum hvatning til áframhaldandi góðra verka. Frekari umfjöllun og myndir má finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is)

Sveitarstjóri.



Orlofsnefnd húsmæðra í Suður-  
Þingeyjarsýslu kynnir:

# LJUBLJANA!

28. september - 2. október

- >Beint flug frá Akureyri
- >Gisting á 4 stjörnu hóteli

**Spennandi ferð í höfuðborg  
Sloveníu í góðum félagsskap**

Takmörkuð sæti í boði!

**Ef þú ert húsmóðir sem rekur  
eða hefur rekið heimili í Suður-  
Þingeyjarsýslu viljum við fá þig  
með!**

Umsóknarfrestur til 13. júlí

Hjördís: 7737548

Ólöf: 8473968

Jónína: 8920371

Netfang: husmodir22@gmail.com

